

FUNDARGERÐ

613. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2021, fimmtudaginn 21. janúar, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 17:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Ingi Már Björnsson, Drífa Bjarnadóttir, Páll Tómasson og Þórey Richardt Úlfarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerðina í tölvu og George Frumuselu að hluta.

Oddviti bauð sveitarstjórn velkomna til starfa á nýju ári, setti fundinn og stjórnaði honum og leitaði afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

II – 4 Erindi frá Víkursport.

II – 5 Beiðni um umsögn vegna stofnunar lögbýlis að Pétursey 3.

II – 6 Áskorun til sveitarstjórnar.

Afbrigðin samþykkt.

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

2. Fundargerð skipulagsnefndar.

Lögð fram 287. fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps. Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

2.1. Austurhluti Víkur – Breyting á aðalskipulagi

Nefndin samþykkti tillögu um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028 að teknu tilliti til umsagna sem bárust og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.2. Austurhluti Víkur – Deiliskipulagstillaga

Nefndin samþykkti tillöguna að teknu tilliti til umsagna sem bárust og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.3. Norður-Garður 3 – Breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag

Nefndin samþykkti að auglýsa breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að óska umsagna.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

- 2.4. Útivistarsvæði og smávirkjun á Syngjanda – Deiliskipulagstillaga
Nefndin samþykkti að auglýsa tillöguna og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að óska umsagna.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

- 2.5. Frestur varðandi beiðnir um breytingar á aðalskipulagi Mýrdalshrepps
Nefndin samþykkti að heimila ekki frekari breytingar á gildandi aðalskipulagi frá og með 1. mars nk. vegna yfirstandandi endurskoðunar á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

- 2.6. Mýrarbraut 11 – Umsókn um byggingarleyfi
Nefndin fól skipulags- og byggingarfulltrúa að setja málið í grenndarkynningu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

- 2.7. Mýrarbraut 14 og 16 – Beiðni um breytingar á skilmálum lóðar.
Nefndin samþykkti sameiningu lóðanna til að byggja mætti raðhús með fjórum íbúðum. Nefndin fór fram á afstöðumynd og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að vinna málið áfram með umsækjendum.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðarinnar lagðir fram til kynningar.

3. Skógrækt í landi Steigar.


Lögð fram umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á jörðinni Steig ásamt umsögnum sem bárust um framkvæmdina.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins en felur skipulags- og byggingarfulltrúa að óska eftir viðbrögðum framkvæmdaaðila við þeim umsögnum sem bárust. Sveitarstjórn áréttar þá stefnu sveitarfélagsins að skógrækt skuli falla að heildarsvipmóti lands og í tengslum við þessa framkvæmd verði að huga að áhrifum sem hún kunnir að hafa á útsýni.

4. Umsagnarbeiðnir.

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi í Víkurbraut 10 fnr. 218-8789 til sölu gistingar í flokki II – minna gistiheimili frá Susantha Ananda R. G. Ralalaghe kt. 100475-5299.

Sveitarstjórn vísar til takmarkana er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík sem bætt var við greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps með vísan í reglugerð nr. 585/2007: „Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað. Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg Mýrdalshreppur 580



Fundargerð 19. september 2018 889 bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggð.“

Með nýrri reglugerð um veitinga og gististaði 1277/2016 er sú reglugerð sem ofangreind samþykkt sveitarstjórnar tekur mið af felld úr gildi. Í c- lið 4.gr. reglugerðar 1277/2016 eru minni gistiheimili skilgreind sem gististaður með færri 5 herbergjum eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Sveitarstjórn samþykkir með vísan til þeirrar greinar að framlengja þau leyfi sem áður voru veitt til tilgistingar í flokki II til 2022.

Með vísan í framangreint og í ljósi þess að ekki er um að ræða endurnýjun sama aðila á rekstrarleyfi sem áður hafði verið veitt fellst sveitarstjórn Mýrdalshrepps ekki á veitingu rekstrarleyfisins.

5. Samningur við HSu.

Lögð fram til samþykktar drög að samningi um starf iðjupjálfa fyrir Suðurland á vegum Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu).

Sveitarstjórn samþykkir samninginn.

6. Erindi frá Víkursport.

DB vísar af fundi undir þessum lið.

Lögð fram umsókn um leyfi til að setja upp klifurvegg í Leikskálum og umsókn um styrk til kaupa á nauðsynlegum búnaði.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti uppsetningu á klifurvegg í Leikskálum ef hægt er að útfæra hana án þess að það trufla fyrirhugaðar endurbætur á útliti innandyrna í húsinu. Að öðrum kosti verði skoðað hvort setja mætti upp vegginn í íþróttahúsinu. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram með Víkursport..

DB kemur aftur inná fundinn.

7. Beiðni um umsögn vegna stofnunar lögbýlis að Pétursey 3.

Lögð fram beiðni frá Guðmundi Elíassyni um umsögn sveitarstjórnar vegna stofnunar lögbýlis að Pétursey 3.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lögbýlis að Pétursey 3.

8. Áskorun til sveitarstjórnar.

Lögð fram áskorun frá íbúum í sveitarfélaginu um að sveitarstjórn kanni hvort ekki sé hægt að aflétta friðlýsingu Dyrhólaeyjar.

Sveitarstjórn þakkar fyrir erindið en telur að svo stöddu ekki ástæðu til að leggja til afnám friðlýsingar Dyrhólaeyjar. Í drögum að nýrri stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dyrhólaey er lagt til að auglýsing um friðlandið Dyrhólaey verði endurskoðuð. Við það tilefni mun fulltrúi sveitarstjórnar koma á framfæri þeim áhyggjum sem lýst er í áskoruninni.



Það skal áréttað að áformum um lagfæringu og lagningu bundins slitlags uppá Háey hefur ekki verið hafnað og viðræður verða að nýju teknar upp við Vegagerðina í kjölfar bókonar sveitarstjórnar af fundi sínum 17. desember 2020.

9. Bergrisinn bs.

9.1. Fjárhagsáætlun Bergrisans bs. fyrir árið 2021.

Lögð fram til samþykktar fjárhagsáætlun Bergrisans bs. fyrir árið 2021.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir fyrir sitt leyti áætlunina.

9.2. Beiðni um auknar fjárheimildir frá Bergrisanum bs.

Lögð fram beiðni um aukna fjárheimild til aðildarsveitarfélaga Bergrisans bs. vegna viðaukasamnings við Sólheima SES.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkir fyrir sitt leyti viðaukasamninginn og þær fjárhagsskuldbindingar sem honum kunna að fylgja.

10. Fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2021.

Í fundargerð sveitarstjórnar frá 17. desember 2020 voru rangar tölur gefnar upp þegar ritað var:

„Á árinu 2021 eru fjárfestingar sveitarfélagsins áætlaðar 150,5 milljónir að frádregnum áætluðum gatnagerðar-og tengigjöldum 23,4 milljónir.“

Það leiðréttist hér með og er svohljóðandi:

Á árinu 2021 eru fjárfestingar sveitarfélagsins áætlaðar 222,2 milljónir, áætluð gatnagerðar-og tengigjöld 23,4 milljónir. Nettó fjárfesting er því 198,8 milljónir.

11. Lán til Hjallatúns.

Lögð fram tillaga um að Hjallatúni verði veitt lán að upphæð 6.000.000 kr. svo það geti staðið við skuldbindingar sem koma til vegna launaleiðréttinga í kjölfar nýrra samninga við hjúkrunarfræðinga.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

12. Fundargerðir til kynningar.


Eftirfarandi fundargerðir voru lagðar fram til kynningar:

12.1. Fundargerð vegna stjórnunar- og verndaráætlunar Dyrhólaeyjar, haldinn 7. janúar 2021.


12.2. Fundargerð 1. fundar samstarfsnefndar um sveitarfélagið Suðurland, haldinn 8. janúar 2021.

12.3. Fundargerð 892. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 11. desember 2020.


Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:16



Einar Freyr Elínarson, oddviti




Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Páll Tómasson



Þórey Richardt Úlfarsdóttir